

From: [Jóhanna Sigurjónsdóttir](#)
Subject: Til allra sveitarfélaga: Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga
Date: föstudagur, 29. september 2023 15:01:26

Tilvísun í mál: IRN22080024

Góðan dag

Með lögum nr. 96/2021 sem tóku gildi í júní 2021 samþykkti Alþingi nýtt ákvæði við sveitarstjórnarlög sem fjallar um þjónustustefnu í byggðum og byggðarlögum sveitarfélags. Samkvæmt 130. gr. a sveitarstjórnarlaga, skal sveitarstjórn móta stefnu fyrir komandi ár og næstu þrjú árin eftir það, um það þjónustustig sem sveitarfélagið hyggst halda uppi í byggðum og byggðarlögum fjarri stærstu byggðakjörnum viðkomandi sveitarfélags. Mótun stefnunnar skal unnin samhliða fjárhagsáætlun og skal málsmeðferðin vera sú sama, þ.e. byggðarráð eða framkvæmdastjóri, eftir því sem kveðið er á um í samþykkt um stjórn sveitarfélags, leggur tillögu um þjónustustefnu í byggðum eða byggðarlögum sveitarfélags fyrir sveitarstjórn eigi síðar en 1. nóvember ár hvert.

Við gerð og mótun stefnunnar ber sveitarfélögum að hafa samráð við íbúa sveitarfélags og sveitarstjórn skal fjalla um þjónustustefnuna á tveimur fundum sem fram skulu fara með minnst tveggja vikna millibili. Að lokinni umræðu sveitarstjórnar skal afgreiða þjónustustefnuna, þó ekki síðar en 15. desember. Rétt er að vekja athygli á því að sveitarfélögum ber ekki lögboðin skylda til að senda samþykkt þjónustustefnu til ráðuneytisins eins og á við um fjárhagsáætlunir þess, sbr. 71. gr. sveitarstjórnarlaga. Hins vegar ber sveitarfélagi að upplýsa íbúa um stefnuna með opinberum hætti, sbr. 103. gr. sveitarstjórnarlaga.

Markmið ákvæðisins er rakið í greinargerð frumvarpsins sem varða að lögum nr. 96/2021. Þar kemur fram að með fækkun sveitarfélaga kunní að myndast víðáttumikil sveitarfélög, mögulega með fáum og stórum byggðakjörnum, en viðkvæmari byggð á öðrum svæðum innan sveitarfélaganna. Því er mikilvægara en áður að stefna sveitarstjórnar varðandi þjónustustig á slíkum svæðum verði skýr og komi til sérstakrar umræðu. Í greinargerðinni kemur jafnframt fram að það sé á ábyrgð sveitarstjórnar að móta heildarstefnu fyrir hverja byggð eða byggðarlagi fyrir sig og gera grein fyrir ætluðu þjónustustigi vegna einstakra verkefna sem sveitarfélagið hyggst veita á viðkomandi svæðum, t.d. skólahalds, ferða skólabíla, opnunartíma sundlauga, reksturs félagsheimila o.s.frv. Með ákvæðinu sé lagt í hendur sveitarfélaga að ákvarða hvort og hvernig svæði verði skipt frekar upp með tilliti til þjónustustigs, svo sem með því að flokka svæði eftir ákveðinni fjarlægð frá byggðakjarna eða miða við eldri skipan sveitarfélaga eða hreppa.

Til að markmiðum þessa ákvæðis verði betur náð hefur Byggðastofnun, að beiðni ráðuneytisins, unnið [fyrirmynd og leiðbeiningar um mótun þjónustustefnu sveitarfélags](#) í samstarfi við sveitarfélagið Norðurþing sem eru að finna á vef ráðuneytisins.

Athygli er vakin á því að sveitarfélög geta með ýmsum hætti nálgast það hvernig þau móta sér stefnu um þjónustustig í byggðum og byggðarlögum og leiðbeiningar þessar eru eingöngu dæmi um mögulega nálgun. Ráðuneytið vill þó árétt að sveitarfélögum ber lögbundin skylda til að hafa samráð við íbúa um mótun og gerð stefnunnar og í leiðbeiningum Byggðastofnunar er fjallað um hvernig slíku samráði getur verið hátt. Þá bendir ráðuneytið á að í X. kafla sveitarstjórnarlaga er að finna ýmis dæmi um íbúasamráð.

Í leiðbeiningum Byggðastofnunar eru sveitarfélög hvött til að gefa verkefninu tíma og einnig gæta vel að samþættingu þjónustustefnu annars vegar og fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar hins vegar.

Bestu kveðjur,
Jóhanna



Jóhanna Sigurjónsdóttir, sérfræðingur / Special Adviser

Skrifstofa sveitarfélaga og byggðamála / Department of Local Government and Regional Affairs
Innviðaráðuneyti / Ministry of Infrastructure
Sölvhólsgrötu 7, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8200
<http://www.irn.is> - [Fyrirvari/Disclaimer](#)



JAFNLAUNAVOTTUN



GRÆN SKREF

Vinsamlegast hugið að um hverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing